



8. fundur aðalstjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 4. febrúar 2015 kl. 18:15.

Mætt eru: Guðmundur Kr. Jónsson (GKJ) formaður, Hallur Halldórsson (HH), Hróðný Hanna Hauksdóttir (HHH), Viktor S. Pálsson (VSP), Þóra Þórarinsdóttir (ÞÞ), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson (ÞRÁ), Þórdís Raket Hansen (ÞRH), Óskar Sigurðsson (ÓS), Magnús Ragnar Magnússon (MRM), Sigríður Runólfssdóttir (SR), Ófeigur Ágúst Leifsson (ÓÁL) og Gissur Jónsson (GJ) sem ritar fundargerð.

Forföll boðaði: Sveinn Jónsson.

1. Fundargerð aðalstjórnar

- 7. fundargerð aðalstjórnar frá 14. janúar 2015 samþykkt.

2. Fundargerð framkvæmdastjórnar

- 10. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 21. janúar 2015 til umræðu.

3. Starfshópur um frístundaheimili og samfellu í tómstundastarfi

- Greint frá vinnu starfshópsins sem skilar skýrslu í maí 2015.

4. Ályktun formannafundar í Kaplakrika

- Til umræðu ályktun fundar formanna íprótta- og ungmennafélaga um breytingar á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt sem haldin var í Kaplakrika 24. janúar 2015. Aðalstjórn tekur undir ályktunina.

5. Héraðsþing HSK

- Ekki liggur fyrir endanlegur fjöldi þingfulltrúa (voru 15 árið 2014) en samþykkt að manna þingið með sama hætti og í fyrra þ.e. hver deild og aðalstjórn senda einn fulltrúa auk þess sem aðalstjórn og fjölmennustu deildirnar senda annan fulltrúa þar til búið er að fylla fulltrúatölu. Skal lokið fyrir næsta fund aðalstjórnar.

6. Aðalfundur Umf. Selfoss og deilda

- Flestar deildir hafa ákveðið dagsetningu á aðalfundi og er verið að leita að fólki í stjórnarsetu þar sem þess þarf. Framkvæmdastjóra falið að auglýsa fundi allra deilda.

- Beint til deilda félagsins að huga að tillögum til aðalfundar Umf. Selfoss og fólki til setu framkvæmdastjórn.

7. Selfossþorablót

- Selfossþorablótið 2015 þótti vel heppnuð samkoma. Gestir voru jákvæðir, veislustjórn og skemmtiatriði vel heppnuð.
- Uppgjör liggur fyrir og er áhugi á að leita leiða fyrir áframhaldandi skemmtanahaldi á þorra en þó með einhverjum breytingum.

8. Nefnd um kjör á íþróttafólki Umf. Selfoss

- Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við Berg Guðmundsson, formann nefndar um kjör á íþróttafólki Umf. Selfoss, um að kalla nefndina saman. Nefndin skal skipuð sömu einstaklingum og seinasta ár sem eru auk Bergs þau Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigríður Ósk Harðardóttir, Guðmundur Karl Sigurdórsson og Elínborg Gunnarsdóttir.

9. Búningamál

- Samþykkt að nefndin skili niðurstöðum til framkvæmdastjórnar til ákvörðunar.

10. Aðstaða félagsins í Tíbrá

- Fundað verður í næstu viku með fulltrúum FSu og Sveitarfélagsins Árborgar um lðu. Í framhaldi af því er hægt að meta notkun Tíbrár og meta kostnað við breytingar á Tíbrá.
- Kalla þarf vallarstjórn saman til að fara yfir málið.

11. Uppbygging íþróttamannvirkja

- Óskað hefur verið eftir að fulltrúar Umf. Selfoss mæti á fund Íþrótt- og menningarnefndar Árborgar. Óskað var eftir breytingum á greinargerðum sem deildir skiluðu seinasta vetur og verður brugðist við þeim.

Fundi slitið klukkan 19:33.

Næsti fundur aðalstjórnar miðvikudaginn 4. mars 2015 kl. 18:15 – 19:45 í Tíbrá.

Fundir aðalstjórnar eftir áramót:

Miðvikudaginn 1. apríl 2015 kl. 18:15 – 19:45 í Tíbrá.